

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um breikkun Suðurlandsvegur.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Var gert ráð fyrir því við hönnun á breikkun Suðurlandsvegur að víraleiðari yrði notaður til að skilja á milli akreina þar sem vegurinn verður þríbreiður (2+1)?
2. Hve breiðar verða vegaxlirnar og hve mikill verður hallinn niður af veginum á hverja 6 metra út?
3. Hver er meðalbreidd vegaxla á þríbreiðum vegum með víraleiðara í Svíþjóð og hver er meðalhallinn niður af veginum á hverja 6 metra út?
4. Liggur fyrir áætlun um hvenær breikkun Suðurlandsvegur lýkur?